

Þórshöfn 23. mars 2014

Erindi: Sveitarfélagið, verslun og þjónusta taki þátt í plastpokalausum vikum í Langanesbyggð vorið 2014 og haustið 2014, vikuna 14. – 21. september og þá í samstarfi við Grunnskólann á Þórshöfn í tilefni af degi náttúrunnar, sem er hinn 16. september.

Tillaga send til Söluskálans við Fjarðarveg, Samkaup Strax Þórshöfn, Barnabóls, Grunnskóla Bakkafjarðar og sveitarstjórnar Langanesbyggðar.

Pokar eru hið mesta þarfaþing, og öll eigum við þá hvern ofan í öðrum heima fyrir. Engu að síður bætum við nýjum pokum í safnið í viku hverri og flestir þeirra eru því miður úr plasti.

Plast er hinn mesti skaðvaldur í náttúru okkar og ef marka má mér fróðari menn um umhverfisvernd er notkun þess komin út yfir þolmörk alls þess sem haf og jörð geta tekið við en það getur tekið einn lítinn plastpoka allt að 1000 ár að hverfa!

Sjórinn er lífæð okkar hér í Langanesbyggð auk hinnar miklu og góðu náttúru sem við njótum öll, gjafa hennar og fegurðar og náttúruvernd er okkur öllum því mikils virði.

Mig langar til þess að gera það að tillögu minni, eftir að hafa horft á þátt Gísla Marteins þann 23. mars. 2014, að við í okkar litla samfélagi leggjum lóð okkar á vogarskál náttúruverndar með því að standa fyrir plastpokalausri vikum nú vor og aftur í haust, af hálfu verslunar og þjónustu, þannig að ekki verði í boði plastpokar við búðarkassana, heldur bréfpokar eða fólk hvatt til þess að koma með sína eigin poka. Einnig er Leikskólinn Barnaból með mikla snilldarpoka til sölu sem henta vel í verkefnið. Þetta ætti að vera tiltölulega einfalt verkefni hér í okkar góðu byggð.

Grunnskólarnir í Langanesbyggð stefna nú ótrauðir í átt að Grænfánum en Leikskólinn okkar er flaggskip skólanna í þeim málum og flaggar nú þegar þeim góða fána. Einnig er í umræðunni að höfnin verði umhverfisvæn og flokkunarkostir sveitarfélagsins eru til fyrirmyndar.

Grunnskólinn á Þórshöfn og starfsfólk hans er áreiðanlega tilbúið til þess að vinna að verkefnum um náttúruvernd, endurvinnslu og endurnýtingu þessarar tvær vikur og vekja þannig enn frekari athygli á verkefninu og virkja þá sem erfa eiga landið. Einnig mætti hugsa sér að nemendur væru við verslanir á annatímum og veittu viðskiptavinum upplýsingar og byði þeim upp á að endurnýta gamla plastpoka eða kaupa poka Barnabóls.

Með von um góðar undirtektir, Ingveldur Eiríksdóttir skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn